

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins

Orðskýringarmyndbönd í stærðfræði.

Nafn skóla: Álftanesskóli

Nafn verkefnisins: Orðskýringarmyndbönd í náttúrufræði

Nafn verkefnisstjóra: Gauti Eiríksson

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Meginmarkmið eru að:

- að efla upplýsinga- og tæknimennt með því að safna, vista og miðla nýju námsefni í náttúrufræði á nýjan hátt
- að gera einstaklingsmiðað nám í náttúrugreinum auðveldara.
- að gera nemendur sjálfstæðari í námi.
- að koma til móts við bráðgera nemendur.
- að gefa nemendum færi á að auka og dýpka þekkingu sína í náttúrugreinum.
- að búa til kennsluefni á myndbandaformi sem er óháð kennslubókum og tíðaranda (tímalaust efni).
- myndbandaformið gerir efnið aðgengilegra fyrir nemendur, sér í lagi þá sem eiga við lestrarvanda að stríða.
- að auðvelda seinfærum, erlendum og/eða nemendum með námsörðugleika náttúrugreinánámið.
- að auðvelda foreldrum að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna.

Auðvelda foreldrum að fylgjast með og taka þátt í námi barnanna

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Útbúiin voru um 650 orðskýringarmyndbönd í stærðfræði. Hvert myndband útskýrir eitt hugtak í stærðfræði.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu:

Vendikennsla hefur orðið til þess að nemendur hafa aðgang að námsefni í stærðfræði hvar sem er í heiminum og hvenær sem er.

Foreldrar eiga einnig auðveldra með að fylgjast með og aðstoða nemendur sína og kom það fram í viðhorfskönnunum. Á það bæði við um

nemendur með námsörðugleika og bráðgera nemendur sem eru á undan áætlun.

Þetta verkefni hefur styrkt einstaklingsmiðað nám við Álftanesskóla. Viðtöl við nemendur hafa sýnt að þeir eru sjálfstæðari og skipulagðari en áður.

Frávik miðað við áætlun verkefnis:

Áætlunin stóðst nokkurn veginn en verkefnið tók örlítið lengri tíma en áætlað var.

b) Náðust markmiðin? Hvað er til marks um það?

Já, markmiðin náðust að mestu. Myndböndin eru á youtube opin öllum.

c) Heldur verkefnið áfram innan skólans eða í öðrum skólum?:

Vendikennsla heldur áfram í Álftanesskóla. Eins hafa aðrir skólar á landinu aðgang að myndböndunum og því geta aðrir notað þau að vild. Við vitum af því að þessi myndbönd eru notuð í nokkrum skólum sem aðalkennsluefni í náttúrufræði.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður:

Verkefnið hefur verið kynnt á menntadegi í Garðabæ 2017 og 2018, sem og á netinu.

Desember 2018.

Gauti Eiríksson

Verkefnastjóri